


Snertivigtun

Nákvæm lýsing á virkni og notkun kerfisins

Bíll keyrir upp á vigt og stöðvar við snertiskjáinn. Snertiskjárinn sýnir þá eftirfarandi skjámynd:



Bílstjóri ber því næst örmerkjakort upp að lesaranum sem er staðsettur fyrir neðan snertiskjáinn. Ef örmerki er ekki á skrá birtist textinn **Örmerki er ekki skráð**. Ef örmerki er á skrá birtist eftirfarandi skjámynd með upplýsingum um bílinn í efstu línu:



Farmskráningin er í raun mismunur þyngdar bílsins með farmi og án farms. Rekstraraðili kerfisins setur sínar reglur um það hversu oft bílarnir eru vigtaðir tómir. Algengast er að bílar séu vigtaðir í hverri ferð. Til að ná hagræði má fækka þessum tómagigtunum.

Bílstjóri ýtir annað hvort á **Inn**, **Út** eða **Tómur** eftir því hvort hann er að fara með farm inn á svæðið (hér aðföng til framleiðslu), fara með farm út af svæði (hér er það fullunnin vara) eða vigta tómaþyngd bílsins. Eftirfarandi skjámynd sýnir næstu skjámynd snertivigtunarkerfisins fyrir bíl á innleið.



Ef það á við er hægt að vera með flokkaskráningu þar sem bílstjóri velur þá efnisflokkka fyrir aðföng eða verk sem við á. Hér má sjá hvernig flokkar birtast hjá Hlaðbæ-Colas, en þeir nota snertivigtunarkerfi frá Leiðum.

Fyrst birtast 6 flokkarnir sem síðast voru notaðir (tími/dags þegar þeir voru síðast notaðir með hæstu gildi). Þeir flokkar sem birtast á skjánum birtast í stafrófsröð (eða þeirri röð sem best þykir). Ef flokkarnir eru fleiri en 6 þá birtist hnappur með textanum: **Flleiri >>** sem birtir næstu skjáfylli en við síðustu myndina er hnappurinn merktur < **Byrja aftur**.



Hér sést hlassþungi bílsins sem er heildarþungi að frádrögnum tómaþunga. Bílstjóri staðfestir skráninguna, hafnar henni, eða velur annan flokk.

Hlaðbær Colas - Vogarskráning		
AP-720 Loftorka Rvk		
8/11 Hólabrú		
Heildarþungi	32,00	Ferð til baka er valin
- tómaþungi	15,74	
Hlassþungi	16,26	
Akið af vog		

Ef bílstjóri samþykkir skráningu er henni lokið og hann keyrir af voginni. Upphafsskjámyndin birtist aftur á snertiskjánum þegar þyngd á vog fer undir 120 kg.


Lýsing á virkni – útskráning

Við útskráningu eru hliðstæðar skjámyndir og á innskráningu. Ef það á við er hægt að hafa efnisflokk, verk, og fleiri valmöguleika við útskráningu. Hér sést uppsetningin hjá Hlaðbæ-Colas en þar velja bílstjórar hvaða fyrirtæki/verkstjóri mun taka á móti efninu og hvaða efni er í bílnum.

Bílstjóri á útleið kemur að kerfinu með eftirfarandi skjámynd:




Bílstjóri skannar örmerkjakortið og fær upp eftirfarandi skjámynd:



Því næst velur bílstjórinn "Út" fyrir útleið



Síðan tilgreinir bílstjóri hvert hann er að fara með efnið. Hjá Hlaðbæ-Colas eru valmöguleikar um fyrirtæki eða ákveðinn verkstjóra.



Bílstjóri velur því næst efnisflokk. Einnig getur hann valið að byrja skráninguna aftur eða hætta við.

Hlaðbeir Colas - Vogarskráning		
AP-720 Loftorka Rvk		
Loftorka Reykjavík hf		
Rauðhella		
Heildarpungi	32,00	Velja: Ferð til baka
- tómapungi	15,74	
Hlasspungi	16,26	
<div style="display: flex; justify-content: space-around;"> <div style="background-color: green; color: black; padding: 10px; text-align: center;">Staðfesta</div> <div style="background-color: red; color: black; padding: 10px; text-align: center;">Hafna</div> </div>		
<input type="button" value="Velja annan flokk"/>		

Hér sést hlasspungi bílsins sem er mismunur þyngdar bílsins með farmi og án farms.

Ýtt er á staðfestingu til að bóka færslu, annars á **Hafna**. Einnig má fá flokka valið á ný.

Hlaðbeir Colas - Vogarskráning		
AP-720 Loftorka Rvk		
Loftorka Reykjavík hf		
Rauðhella		
Heildarpungi	32,00	Ferð til baka er valin
- tómapungi	15,74	
Hlasspungi	16,26	
<div style="background-color: green; color: black; padding: 10px; text-align: center; font-size: 1.5em;">Akið af vog</div>		


Þegar færslan er staðfest þá birtist þessi mynd þar til að vigtin fer undir 120kg.

Lýsing á virkni - Núllstilling bíls (törun)


Skráning á tómapyngd er kölluð törun og er hún framkvæmd áður en bíll fer í sína fyrstu ferð með efni inn eða út af svæði. Törun er framkvæmd með því að tómur bíll keyrir inn á vog og stöðvar við snertiskjá við enda vogarinnar. Bílstjórinn ber örmerkjakortið upp að örmerkjalesara sem er staðsettur fyrir neðan snertiskjá kerfisins og eftirfarandi skjámynd birtist:

Lesið	
örmerki	
↓	↓
Örmerkjalesarinn er staðsettur hér að neðan	33,00 tonn

Kerfið sýnir vigt bíls og er tilbúið fyrir skráningu. Ökumaður ber örmerkjakortið að örmerkjalesaranum og þá birtist eftirfarandi skjámynd



Bílstjóri styður á **Tómur** takkann til að skrá tómaþyngd bílsins, þ.e. til að tara bílinn.



Í þessu tilfalli er tómaþungi bílsins 32,00 tonn. Törun er lokið og bíll keyrir af vog. Ef tómaþyngd bíla breytist þurfa þeir að endurtaka törunina til að hlassþungi skráist rétt.